

Hann lagði framfar öðru stund á reikningslist og samdi ágrip af tölvísi á íslenzku (JÞork. Spec.), og er það nú ókunnugt. Hann var talinn merkismaður í öllum greinum. Hann reyndi þrívægis kornrækt í Hruna, en mistókst. Kona (1686): Solveig (f. um 1667, d. 1739) Árnadóttir prests í Hruna, Halldórssonar. Börn þeirra: Síra Árni í Hruna, Maren (d. 1753, óg. og bl.), Þórður bjó 1729 að Oddgeirshólum, síðar að Skrautási hjá Hruna, var 1756 á verðgangi um Ytrahrepp, Jafet (Íbi eða jafnvel nefndur Jakob) stúdent á Grafarbakka, Sigríður átti síra Illuga Jónsson í Hruna (HÞ.; SGrBf.).

Franz (Edvard) Siemsen (14. okt. 1855—22. dec. 1925). Sýslumaður. Foreldrar: Edvard kaupmaður Siemsen í Rv. og kona hans Sigríður Þorsteinsdóttir lögregluþj. í Rv. Bjarnasonar. Tekinn í Reykjavíkurskóla 1868, stúdent 1875, með 2. einkunn (57 st.). Tók próf í lögfræði í háskólanum í Kh. 1. júní 1881, með 3. einkunn (59 st.), tók það um aftur 5. júní 1882, með 2. einkunn (67 st.). Settur 27. ág. 1884 málflutningsmaður í landsyfirdómi (staðf. 16. apríl 1886). Fekk 23. ágúst 1886 Gullbringusýslu og Kjósar, átti heima í Hafnarfirði, fékk lausn 12. júní 1899, fluttist skömmu síðar til Rv. og sinnti skrifstofustörfum. Kona (8. sept. 1887): Þórunn

(f. 10. apríl 1866, d. 18. apríl 1943) Árnadóttir landfógeta Thorsteinsonar. Börn þeirra: Árni kaupmaður í Þýzkalandi, Sigríður s. k. Páls hæstaréttardómara Einarssonar, Sofía átti Magnús stórkaupmann Kjaran í Rv., Theodór kaupmaður í Rv. (BB. Sýsl.; Tímar. bmf. 1882; KLJ. Lögfr.).

Freysteinn fagri (9. og 10. öld). Landnámsmaður í Sandvík, Viðfirði og Hellisfirði og bjó í Barðnesi. Ætt ekki rakinn (Landn.).

Freysteinn Grímsson (16. öld). Prestur. Hann var bróðir síra Eiríks á Gilsbakka og síra Eyjólfis á Melum. Hann kemur fyrst við skjöl 1519 og er þá sveinn Ögmundar Pálssonar, er þá var officialis, síðar byskup. Árið 1523 er hann orðinn prestur, líkl. kirkjuprestur í Skálholti, fékk Stafholt 1530 og hefir haldið líkl. til dauðadags. Hann var prófastur í Pverárþingi vestan Hvítar og officialis syðra 1550. Hann var merkisprestur og hélt skóla í Stafholti; var stuðningsmaður Jóns byskups Arasonar og kemur talsvert við sögu hans. Hann er enn á lífi 1571 og kemur þá við bréf, en látinn fyrir 12. júlí 1577. Rúnaritgerð er honum eignuð í Lbs. Talinn tvíkvæntur. Kona 2: Sesselja Guðmundsdóttir að Laxfossi, Salómons-sonar. Sonur þeirra: Síra Jón í Borgarþingum. Dóttir þeirra er af sumum talin Helga

(„Bréfa-Helga“, sem var hálfviti), en hún var sonardóttir þeirra (Dipl. Isl.; Alþb. Ísl. I; BB. Sýsl.; HÞ.; PEÓl. Mm.; SGrBf.).

Friðbjörn Steinsson (5. apr. 1838—9. apr. 1918). Bókbindari og bóksali. Foreldrar: Steinn Kristjánsson að Hólum í Öxnadal, síðar járnsmiður á Ak., og kona hans Guðný Kráksdóttir að Hólum, Jónssonar. Nam snemma bókband á Ak., stundaði það þar jafnan og átti þar heima frá 1850 til æviloka. Gegndi ýmsum trúnaðarstörfum, var t. d. bæjarfulltrúi lengi á Ak. og formaður stjórnar Gránufélags. Vann mjög að bindindismálum, heiðursfélagi stórstúku Ísl. og bóksalafélagsins, dbrm. Ritstjóri Ganglera 1870—2, Norðurljóss 5.—7. árg. Kona (1861): Guðný ljósmóðir Jónsdóttir í Pálmholti, Þorlæfssonar. Börn þeirra: Aðalsteinn bókhaldari á Ak., Guðný, Gunnlaugur Tryggvi, Helga (BrT.; o. fl.).

Friðjón Kristjánsson (18. júní 1900—30. nóv. 1925). Stúdent. Foreldrar: Kristján Þórðarson á Breiðabólstað á Fellsströnd og kona hans Sigurbjörg Jónsdóttir. Tekinn í 4. bekk menntaskóla Rv. 1920, stúdent 1923, með 3. eink. (4,31). Andaðist að guðfræðinámi í háskóla Íslands. Ókv. og bl. (Skýrslur).

Friðjón (Hjörleifur) Þorgilsson (20. júlí 1898—13. júlí 1921). Stúdent. Tekinn í 4. bekk

menntaskóla Rv. 1917, stúdent 1920 (61 st.). Andaðist að lagánámi í háskóla Ísl. Ókv. og bl. (Skýrslur).

Friðleifur (9. og 10. öld). Landnámsmaður í Sléttahlíð og bjó í Holti. Gauzkur að föðurn kyni, en móðir hans var flæmsk. Sonur hans: Þjóðar (Landn.).

Friðmundur (9. og 10. öld). Þræll Ingimundar gamla. Landnámsmaður í Forsæludal. Ætt ekki rakinn. Sonur hans: Þórhallur (Landn.; Grett.).

Friðrik Bergmann (15. apríl 1858—11. apríl 1918). Prestur. Foreldrar: Jón Bergmann Jónsson, fyrr í Garðsvík, síðar á Laugalandi syðra í Eyjafirði og kona hans Halldóra Bessadóttir á Gauksstöðum á Svalbarðsströnd, Bjarnasonar. Tekinn í Reykjavíkurskóla 1874, en sat þar ekki, veiktist, fór til Vesturheims 1875, tekinn 1876 í latínuskóla í Decorah í Iowa, varð stúdent 1881, vann síðan að kennslu og verzlun. Stundaði fyrst 1883—5 guðfræði í háskólanum í Kristjaníu (Oslo) og síðan í Philadelphíu, lauk þar prófi 1886, vígðist 17. júní s. á. prestur íslenzkra safnaða í Norður-Dakota. Varð varaforseti kirkjufélags Íslendinga vestra. Kennari í Wesley College í Wp. 1902. Sagðist úr kirkjufélaginu 1909 og stofnaði söfnuð sér. Ritstörf: Eina lífið, Rv. 1899; Ísland um aldamótin, Rv. 1901; Ísland hið unga, Wp. 1903; Jón frá sama